

Efni:

***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025***

Tillagan byggir á samvinnu margra aðila, gert er ráð fyrir mælikvörðum og eftirfylgni. Þetta er mjög metnaðarfull vinna, vel ígrunduð og til mikillar fyrirmyndar. Hún ber þess jafnframt merki að vera augljóslega byggð á umfangsmiklu samráði fagstétta, stofnana og félaga.

**Þrjár ábendingar:**

1. Þingsályktunartillagan um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025 lúta að börnum og ungmennum og ætti það að koma fram með skýrum hætti í þingsályktunartillögunni, t.d. í fyrirsögn.
2. Ferli um það hvað skuli gera þegar kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni á sér stað er ekki hluti af forvörnum en styður samt við þær. Það er mikilvægt að til séu ferlar um það hvernig bregðast skuli við komi upp mál og að umfjöllun um ferlana séu hluti af forvarnarfræðslu sem starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum fær. Sérstök áhersla þarf að vera á þetta í íþróttá-, æskulýðs og tómstundastarfi en það byggir oft á sjálfboðaliðum og í íþróttum er oft mikið valdaójafnvægi á milli þjálfara og iðkenda. Það gæti því verið kostur að vera með kröfur um ferla í þingsályktunartillögunni þar sem forvarnir og viðbrögð eru nátengd. Í þessu samhengi er bent á bæklinginn ***Kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni í íþróttum*** sem Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur unnið í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsvettvanginn.
3. Í kafla D.5. er fjallað um aðgerð sem hvetja á fleiri skóla til að taka upp kynjafræðslu. Tekið er undir mikilvægi þess en grundvöllurinn er að gera kynjafræði að skyldugrein í kennaramenntun á menntavísindasviði. Það þurfa að vera til kennarar sem hafa þekkingu á kynjafræði til að hægt sé að framkvæma þetta að öðrum kosti eru þetta orðin tóm.

Fyrir hönd mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir